

# Jarðfræðafélag Íslands

## Skýrsla formanns á aðalfundi 1995 um starfsárið 1994-1995

Aðalfundur JFÍ var haldinn í Odda 31. maí 1995. Formaður setti fundinn og lagði til að Hreinn Haraldsson yrði fundarstjóri og Guðrún Larsen fundarritari.

### STJÓRNARSTARF OG FRÉTTABRÉF

Haldnir voru 10 stjórnarfundir og gefin út 7 Fréttabréf. Með Fréttabréfi nr. 78 var send út Jarðfræðileg orðaskrá um eldfjöll. Flestir fræðslufundir voru kynntir í Fréttabréfinu, en að auki voru sendar út auglýsingar á helstu stofnanir nokkrum dögum fyrir hvern fund. Ágúst Guðmundsson sótti fund í Washington í maí 1994 þar sem haldið var upp á 75 ára afmæli AGU. Var þangað boðið formönnum eða fulltrúum allra jarðeðlisfræðifélaga heimsins. Framhaldsfundur verður nú í sumar og mun Magnús Tumi Guðmundsson sækja hann fyrir hönd JFÍ. Þetta er þáttur í því að efla tengsl JFÍ við önnur félög jarðvísindamanna.

### FRÆDSLUFUNDIR

Haldnir voru 8 fræðslufundir (með jólafundinum) á vegum félagsins. Að auki tók félagið þátt í kynningu á jarðfræði Íslands fyrir ODP-PCOM hóp sem hingað kom í ágúst 1994 og kynnti fræðslufund um jarðeðlisfræði tunglsins sem haldinn var á vegum Eðlisfræðifélagsins í desember 1994. Milli 350 og 400 manns hafa mætt á fræðslufundi JFÍ, en þeir voru þessir:

1. Jim Moore talaði um móberg 24. ágúst.
2. Jay Melosh talaði um myndun tunglsins 14. september.
3. Magnús Tumi Guðmundsson talaði um Grímsvötn 19. október.
4. Sigfús Johnsen talaði um GRIP kjarnann 30. nóvember.
5. Jólafundurinn 14. desember var um framtíðarskipan jarðfræðirannsóknna á Íslandi.
6. Freysteinn Sigmundsson talaði um plötu-

hreyfingar á Norðurlandi 18. janúar.

7. Haukur Jóhannesson talaði um gos í Kötlu 15. febrúar.
8. Skúli Víkingsson talaði um tölvuvædda jarðfræðikortagerð 15. mars.

### VORRÁÐSTEFNAN

Hún var haldin 12. apríl í Odda. Hún var ekki bundin við ákveðið þema heldur opin fyrir erindi og veggspjöld um hvaðeina af vettvangi jarðfræða. Flutt voru 14 erindi og sýnd 15 veggspjöld. Um 90 manns mættu á ráðstefnuna. Ráðstefnustjóri var Magnús Tumi Guðmundsson sem einnig sá um útgáfu ráðstefnuritsins.

### NEFND UM FRAMTÍÐARSKIPAN JARÐFRÆÐIRANNSÓKNA

Gengið var frá skipun þessarar nefndar á stjórnarfundum JFÍ 1. september 1994. Í nefndinni sátu Hreinn Haraldsson (formaður), Áslaug Geirsdóttir (ritari), Freyr Þórarinnsson, Haukur Jóhannesson, Ingvar Birgir Friðleifsson og Valgarður Stefánsson. Að auki sátu fundi nefndarinnar Ágúst Guðmundsson (formaður JFÍ) og Guðrún Larsen (ritari JFÍ). Nefndinni var ætlað að skila af sér bráðabirgðatillögum á jólafundinum 1994 og endanlegum tillögum fyrir marslok 1995. Þetta tókst og eftir að stjórn JFÍ hafði farið yfir endanlegu tillögurnar ákvað hún að gera þær að sínum og leggja fyrir viðkomandi ráðuneyti. Fjórða maí sl. lögðu Ágúst Guðmundsson, formaður JFÍ, og Hreinn Haraldsson, formaður nefndarinnar, þessar tillögur fyrir embættismenn í Umhverfisráðuneytinu og í Iðnaðarráðuneytinu og óskuðu jafnframt eftir fundi með viðkomandi ráðherrum. Kannað verður hvort og þá hvernig best er að kynna tillögur JFÍ í öðrum ráðuneytum og hjá stjórnvöldum almennt. Á þessum aðalfundi mun Hreinn Haraldsson gera nánari grein fyrir tillögum nefndarinnar í endanlegri gerð. Stjórn JFÍ hefur

láið fjölríta skýrslu nefndarinnar (sem nú er skýrsla JFÍ) og verður hún afhent félagsmönnum á þessum aðalfundi.

## STAÐA JARÐFRÆÐIKENNSLU Í FRAMHALDSSKÓLUM

Stjórn JFÍ tilnefndi Gretar Ívarsson í dómnefnd fyrir hugmyndasamkeppni ungs fólks í vísindum og tækni, en sú keppni er hluti af mannauðsáætlun Evrópusambandsins. Í tengslum við umræður um þessa keppni, fór stjórn JFÍ þess á leit við Georg Douglas að hann gerði könnun á stöðu kennslu í jarðfræði við framhaldsskóla landsins. Niðurstöður þeirrar könnunar verða kynntar á þessum aðalfundi.

## JÖKULL

Breytingar voru gerðar á ritstjórn og útgáfustjórn Jökuls. Meginbreytingin er að Einar Gunnlaugsson hefur nú tekið að sér útgáfustjórn, en áður var enginn sérstakur útgáfustjóri. Jafnframt er sérstakur ritstjóri sem sér um hvert hefti Jökuls og munu nú vera þrjú hefti í vinnslu. Áslaug Geirsdóttir var tilnefnd af hálfu JFÍ sem ritstjóri og tók við af Leó Kristjánssyni sem kaus að hætta en féllst á að taka sæti í ritnefndinni ásamt Helga Torfasyni sem einnig er nýr maður í þeirri nefnd. Auk Leós og Helga eru í ritnefndinni Kristján Sæmundsson, Haukur Jóhannesson og Karl Grönvold. Ritstjórar eru, auk Áslaugar, Bryndís Brandsdóttir og Helgi Björnsson.

## STJÓRN FÉLAGSINS

Hún er þannig skipuð. Ágúst Guðmundsson formaður, Guðrún Larsen ritari, Guðmundur Ómar Frið-

leifsson gjaldkeri, Magnús Ólafsson, Georg Douglas, Hreinn Haraldsson og Magnús Tumi Guðmundsson. Guðrún Larsen og Hreinn Haraldsson hafa fallist á tilmæli formanns um að sitja áfram í stjórninni, en Guðmundur Ómar Friðleifsson óskar eftir að víkja úr henni. Formaður leggur til að Skúli Víkingsson á Orkustofnun taki sæti Guðmundar.

## NEFNDIR OG RÁÐ Á VEGUM FÉLAGSINS

Helst eru:

1. *Orðanefnd*; formaður Jón Eiríksson, aðrir: Barði Þorkelsson, Freysteinn Sigurðsson, Haukur Jóhannesson, Leó Kristjánsson og Sigurður Steinþórsson.
2. *Stjórn Sigurðarsjóðs*; formaður Ágúst Guðmundsson, aðrir: Guðrún Larsen og Tómas Jóhannesson.
3. *IAVCEI verðlaunanefnd*; formaður Ágúst Guðmundsson, aðrir: Guðrún Larsen og Páll Einarsson.
4. *Fulltrúi JFÍ á Náttúruverndarþingi* er Guðrún Sverrisdóttir

## NÝIR FÉLAGAR

Jarðfræðingarnir Bjarni Richter, Eydís Líndal Finnbogadóttir og Matthías Loftsson hafa sótt um inngöngu í félagið.

## ERINDI UM SEYÐISHÓLA

Haukur Jóhannesson hefur óskað eftir því að stjórn Jarðfræðafélagsins álykti um efnistöku úr Seyðishólum í Grímsnesi og öðrum gígum almennt.